

Tillaga til 432. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 21. febrúar 2019

Tillaga forseta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar sendi áskorun á umhverfisráðherra.

Vigur - áskorun til umhverfisráðherra 2019020062

Áskorun á umhverfisráðherra og ríkisstjórn Íslands að kaupa eyjuna Vigur í Ísafjarðardjúpi. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skorar á umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmund Inga Guðbrandsson og ríkisstjórn Íslands að freista þess að kaupa eyjuna Vigur í Ísafjarðardjúpi.

Eyjan Vigur er ein þriggja eyja í Ísafjarðardjúpi og er önnur tveggja sem eru byggðar. Eyjan er löng og mjó og er staðsett í minni Skötufjarðar. Í eyjunni er alþjóðlega mikilvæg sjófuglabbyggð (≥ 10.000 pör) og uppfyllir teista alþjóðleg verndarviðmið (200 pör). Þar verpur einnig lundi (28.800 pör) og mikið af æðarfugli (um 3.500 pör). Í eyjunni eru enn fremur menningarminjar svosem elsta vindmylla á Íslandi sem byggð var árið 1860, þar er elsti bátur landsins, Vigur Breiður sem var smíðaður um 1800 og svo stórglæsilegt Viktoríuhús sem var smíðað í kringum 1860. Undanfarna áratugi hefur verið starfrækt öflug ferðaþjónusta í Vigur en með því móti hefur almenningi og ferðamönnum gefist tækifæri á að njóta náttúrunnar og sögunnar í eyinni.

Síðastliðið sumar var eyjan sett á sölu og í fréttum hefur komið fram að mestmegnis séu það erlendir aðilar sem hafi áhuga á jörðinni. Í ljósi þess og þeim raunhæfa möguleika að eyjan verði keypt og lokuð almenningi vill bæjarstjórn skora á ríkið að kaupa Vigur og með því tryggja áframhaldandi aðgengi að þessari náttúruperlu í Ísafjarðardjúpi.